

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði, Sveitarfélaginu Vogum.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 30. ágúst 2017 breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði. Breytingin felst í eftirfarandi: Bætt er við götunöfnum og húsnúmerum innan skipulagssvæðisins. Í samræmi við gildandi lóðarblað og þess sem er í raun er legu götunnar Jónsvarar breytt við gatnamót við Hafnargötu og hliðrast gatan til vesturs nær höfninni, jafnframt er breidd götunnar breytt. Með þessari breytingu skapast pláss fyrir nýja lóð, Hafnargötu 2. Innan þeirrar lóðar er þegar gömul bygging og er skilgreindur byggingarreitur umhverfis hana. Lóðarmörk núverandi lóða við Hafnargötu 4, 6, 8 og 10 og Jónsvör nr. 1 og 7 eru lagfærð til samræmis við gildandi lóðarblað. Húsagerð á lóð nr. 1 við Jónsvör er breytt úr „Verbúðir fyrir smábátaeigendur“ (B) í „Iðnaðarhúsnæði“ (A). Byggingarreitir á lóðum nr. 3, 5 og 7 við Jónsvör stækka úr 450 m² í 600 m². Byggingarreitirnir stækka til norðurs inn á lóðirnar en bindandi lína byggingarreita meðfram götu er óbreytt. Nýtingarhlutfall iðnaðarlóða við Jónsvör hækkar úr 0,3 í 0,55 og er ástæðan m.a. sú að þegar hefur verið byggt á lóðunum umfram heimild skv. gildandi deiliskipulagi. Bætt er við 1.020 m² lóð fyrir gámasvæði við Jónsvör 9, en enginn byggingarreitur verður innan lóðarinnar. Bætt er við kvöð um legu lagna á lóðunum við Hafnargötu 2 og Jónsvör nr. 1, 5 og 9. Uppfærðar eru upplýsingar og tilvísarnir í lög, reglugerðir og gildandi aðalskipulag.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlutið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 18. október 2017.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2017